



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
1. desember 2020**

Kæru landsmenn.

Ég heilsa ykkur á fullveldisdegi, færi ykkur alúðarkveðjur okkar Elizu. Nú er liðin öld og tveimur árum betur frá stórrí stund í sjálfstæðissögu okkar. Hinn 1. desember 1918 varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Venja er að fagna þessum tímamótum á ýmsa vegu. Venja er að fólk komi saman, heilsist með virktum, þéttu handabandi og faðmlagi ef því er að skipta. En nú er allt með öðrum brag.

Farsóttin, sem herjar á okkur, hefur orðið fólki að fjörtjóni. Margir hafa veikst illa. Aðgerðir okkar og annarra þjóða til að stemma stiga við faraldrinum hafa leitt til atvinnuleysis hér og efnahagshremminga. Skólastarf er gengið úr skorðum, hvers kyns þjónusta og afþreying sömuleiðis.

Ekki skiptir það máli í hinu stóra samhengi en í venjulegu árferði myndi sá eða sú, sem er á forsetastóli, hitta mann og annan á þessum degi, taka á móti gestum og sitja hátíðarsamkomur. Í venjulegu árferði gæfist líka færi á að fara í sund, sækja leikhús eða tónleika, horfa jafnvel á góðan landsleik og gefa vonandi fimmu að sigri loknum.

Nú myndi slíkt athæfi brjóta í bága við tilmæli um sóttvarnir. Já, nú er allt úr lagi fært. En lífið hefur nú samt haldið áfram. Börn hafa komið í heiminn, fólk orðið ástfangið. Við höfum fengið ýmis tilefni til að kætast í dagsins önn.

Upp til hópa hefur þjóðin jafnframt sýnt þrautseigju og þolgæði, samstöðu og samkennd. Þegar við vegum og metum okkar þrengingar stoðar lítt að hugsa til þess hvernig lífið væri ef veiran hefði aldrei látið á sér kræla. Það væri innantóm óskhyggja. Hitt er þarfara að við setjum okkur fyrir hugskotssjónir hvernig hér væri umhorfs ef við hefðum lítt eða ekki brugðist við þessum vágesti. Tölu látinna mætti jafnvel margfalda, auk fjölda þeirra sem hefðu veikst og orðið óvinnufærir um lengri eða skemmri hríð. Sennilega hefði reynst illkleift að sinna öllum sjúkum eins og þörf krefði.

Hér er líka lærdómsríkt að líta um öxl, bera stöðu okkar saman við líf formæðra okkar og -feðra. Í einni okkar fornaldarsagna segja íbúar á Vestur-Gautlandi í Svíaríki að þegar harðni í ári hjá þeim sé gamalmennum gert að ganga fyrir Ætternisstapa, „og þurfum vér [þá] af engu voru foreldri þyngsl að hafa“ eins og þar segir. Sögur eigum við líka af því að óaldarvetur á fyrstu árum Íslandsbyggðar hafi ómögum og gamalmennum verið hrint fyrir hamra.

Sumir myndu kannski segja að í þann tíð hafi verið fárra kosta vöð. En nú er öldin önnur. Nú búum við í velferðarsamfélagi. Nú reynum við að halda hlífiskildi yfir þeim sem eru veikastir fyrir, ekki aðeins á veirutímum. Því verra var áfall síðustu vikna þegar nokkrir í hópi okkar elstu borgara létust af völdum faraldursins. Sóttvarnir dugðu ekki í það sinn en þar var fráleitt við starfsfólk á vettvangi að sakast. Við höfum notið krafta einvalaliðs á heilbrigðissviði og víðar í samfélaginu.

Um leið höfum við, sem yngri erum, lært af því æðruleysi sem eldri kynslóðir landsins búa yfir. Í þeim hópi gætir ekki geðshræingar, gætir ekki uppgjafar. Hverfum aftur um stund í horfinn heim, til hins fyrsta fullveldisdags, 1. desember 1918. Seint að kvöldi skrifaði lífsreynd verkakona, Elka Björnsdóttir, í dagbók sína um hin miklu tímamót, en líka um þann skugga sem grúfði yfir mannlífinu. Vissulega kom fólk saman og fagnaði fullveldi en sú gleði var hófstíllt, blandin trega.

Svipað ástand þekkjum við núna. Og hitt er einnig eins, þá og nú, að ekki vantaði þrautseigju og þolgæði í fólk, samstöðu og samkennd. Í dagbók Elku er frá því greint að fiskur komi að landi hvern morgun og stórútgerðin Kveldúlfur gefi aflann „sjúklingum og fátæklingum“.

En hér eru leiðir milli fortíðar og samtíma farnar að skilja. Áfallið var svo miklu þyngra í þann tíð. Á sjötta hundrað manns féllu í farsóttinni, um tvö þúsund manns miðað við íbúafjölda okkar daga. Fólk lést unnvörpum vegna þess að allt of margir bjuggu við kulda og skort, allt of fáir gátu leitað læknis. Réttlæti ríkti ekki í samfélaginu, velferðarkerfi var aðeins draumsýn sem seinni kynslóðir létu rætast, okkur öllum til hagsbóta.

Já, nú búum við í breyttum heimi, miklu betri að þessu leyti. Við njótum einnig máttar vísindanna, aukinnar þekkingar í áranna rás, öflugri lyfja og lækninga.

Mergur málsins er því þessi: Þótt vandi okkar nú megi teljast ærinn bliknar hann miðað við þrautir fyrri tíma. En að sjálfsögðu þýðir sá samanburður ekki að við ættum að sætta okkur við hvaðeina sem bjátar á. Svo skal böð bæta að benda á annað verra, kvað Megas um þannig rökvillu og færði viljandi úr lagi þau orð Grettis sterka að svo skuli böð bæta að bíða annað meira.

Við búum ekki í fullkomnu samfélagi. Veiran minnir á vanmátt mannkyns, þrátt fyrir allar okkar framfarir. Við vitum líka núna af biturri reynslu hvernig við þurfum að bæta okkar sjúkrastofnanir og dvalarheimili svo að þær veiti fólki öruggara skjól. Og enn þurfa sumir íbúar þessa lands að lifa á bónbjörgum. Enn er það svo að hjálparstofnanir þiggja með þökkum rausnarlegar gjafir öflugra fyrirtækja.

Kæru landsmenn. Við skulum þakka þeim sem eiga þakkir skildar. Ég leyfi mér fyrir hönd okkar allra að þakka starfsfólki Landspítala, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þökkum einnig þeim sem vinna á dvalar- og hjúkrunarheimilum, og þeim sem fást við heimahjúkrun og aðhlyningu. Þá megum við meta mikils sérfræðinga háskólanna og Íslenskrar erfðagreiningar, auk annarra fyrirtækja og stofnana sem koma við sögu í sóttvörnum okkar. Loks er bakvarðasveitin lofsverð, liðsstyrkur fólks sem hefur svarað kalli um að koma til starfa nú þegar þörfin knýr.

Ég nefni líka lögreglu, landhelgisgæslu og björgunarsveitir, alla sem við getum leitað til ef vá ber að höndum. Gleytum ekki heldur starfsfólki í verslun og þjónustu eða kennurum og skólaliðum, stjórnendum og ræstitæknum sem halda menntastarfi gangandi við krefjandi aðstæður, að ekki sé minnst á nemendurna. Við þau ungmenni vil ég segja að þið hafið þolað þetta erfiða ástand og staðið ykkur með þryði – ekki láta deigan síga núna!

Að lokum nefni ég einmitt þetta sem við getum átt sameiginlegt með fullveldiskynslóðinni: Vongleði og þrótt. Mörg þeirra, sem fögnuðu hinum miklu kaflaskilum 1. desember 1918, horfðu björtum augum fram á veg, þrátt fyrir þær þrengingar sem dunið höfðu yfir, ekki aðeins farsótt, heldur einnig frostavetur fyrir um árið og kröftugt Kötlugos.

Rúmri öld síðar getum við leyft okkur að vera hughraust og kappsfull. Polinmæði þrautir vinnur allar. Þennan vísdom höfum við átt í þessu landi í yfir þúsund ár og hefur þó gengið á ýmsu. Varnir okkar gegn farsóttinni virðast virka, bóluefni er í auglýsni. Sú lausn er magnaður vitnisburður um mátt alþjóðasamstarfs, magnaður vitnisburður um vægi vísinda og þekkingar á framabrot mannkyns þegar vel er á málum haldið.

Ég vona því innilega að næstu vikur höldum við áfram á réttri leið, hugum að okkar eigin sóttvörnum, fylgjum tilmælum og höldum þetta út saman. Senn getum við svo nýtt okkar einingarafli til að snúa vörn í sókn. Þá verður aftur kraftur í mannlífinu öllu. Þá komumst við heldur betur á skrið.

Nú veit að vísu enginn með vissu hvað morgundagurinn ber í skauti sér en fari svo sem horfir ávarpa ég ykkur næst á nýársdag. Þá vil ég horfa fram á veg, nefna veirufjandann sem allra minnst en fara frekar yfir öll þau tækifæri sem við eigum hér, öflug þjóð í kostamiklu landi.

Fyrir hönd okkar hjóna ítreka ég góðar óskir og kveðjur til ykkar allra. Njótum aðventunnar, jóla og áramóta en förum varlega, í þágu okkar allra og ekki síst þeirra sem þurfa helst á því að halda. Góðar stundir.